

Ályktun formannaráðs BSRB um skattatillögur stjórnvalda

Tillögur stjórnvalda að breytingum á skattkerfinu sem kynntar voru í gær ganga ekki nægilega langt í átt að jöfnuði og réttlæti í samfélaginu að mati formannaráðs BSRB.

Bandalagið leggur áherslu á að skattkerfið eigi að reka með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnun og taki út eftir þörfum. Í því felst að þeir sem eru betur stæðir ættu að bera meiri byrðar en hinir sem eru verr staddir. Það er því jákvætt skref að til standi að fjölga skattþrepum en tillögur ríkisstjórnarinnar til breytinga á skattkerfinu eru ekki í samræmi við væntingar BSRB.

Tillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér að á næstu þremur árum verði skattbyrði einstaklinga lækkuð sem nemur alls 6.760 krónum mánaðarlega. Breytingarnar eiga að koma í þremur áföngum og á sá fyrsti ekki að koma til framkvæmda fyrr en í byrjun árs 2020 þegar skattbyrðin á að lækka um 2.253 krónur. Það veldur vonbrigðum hve lítil lækkunin er og enn meiri vonbrigðum hversu seint hún á að koma til framkvæmda.

Þá mun lækkunin ekki eingöngu taka til þeirra tekjulægstu heldur einnig til þeirra sem hafa hærri tekjur. BSRB leggst gegn því að skattar verði lækkaðir fyrir hátekjufólk og telur að nýta eigi það svigrúm sem stjórnvöld hafa til skattalækkana til þess að lækka álögur á þá tekjulægstu.

Samfélagið hefur kallað eftir réttlæti í skiptingu tekna og ekki síst í umræðu um ofurlaun. Ein leið til að mæta því ákalli er að innleiða hátekjuprep í skattkerfið. Samanborið við hin Norðurlöndin er Ísland með færri skattþrep, hærri grunnprósentu og lægri hámarksprósentu. Með því að taka upp hátekjuskatt nýtist skattkerfið betur sem tekjujöfnunartæki.

Formannaráð BSRB hafði vænt þess að ríkisstjórnin myndi leggja fram tillögur sem kæmu til með að draga úr bröttum tekjutengingum í barnabótakerfinu. Það eru því mikil vonbrigði að ekki standi til að ganga lengra í þá átt en þegar hefur verið gert. Bandalagið leggur áherslu á mikilvægi þess að barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtabætur eigi að vera almennur stuðningur við fjölskyldur líkt og á öðrum Norðurlöndum en ekki eingöngu fyrir þá tekjulægstu líkt og reyndin hefur verið hér á landi undanfarin ár.

Auknum kostnaði við bótakerfið má til að mynda mæta með því að hækka fjármagnstekjuskatt til samræmis við hin Norðurlöndin, með upptöku hátekjuskatts og með því að bregðast við vaxandi misskiptingu tekna og auðsöfnun á hendi fárra með stóreignaskatti.

Reykjavík, 20. febrúar 2019